Landbúnaðarsafn Íslands
Hvanneyri, Iceland
Email: safn@landbunadarsafn.is
Tel: (+354) 437 0070
www.landbunadarsafn.is

Byggðaráð Borgarbyggðar
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Hvanneyri, 31. ágúst 2026

Undirrituð óskar eftir að byggðaráð Borgarbyggðar taki til umræðu rekstrarframlag sveitarfélagsins til Landbúnaðarsafns Íslands ses. og hvernig tryggja megi stöðugan og fyrirsjáanlegan rekstur safnsins til framtíðar.

Landbúnaðarsafn Íslands er mikilvæg menningar- og fræðslustofnun í sveitarfélaginu og gegnir lykilhlutverki í varðveislu sögu og þróunar íslensks landbúnaðar og landnýtingu. Safnið byggir á grunni Búvélasafnsins sem á sér sögu allt aftur til ársins 1940 og var formlega stofnað 14. febrúar 2007 af Landbúnaðarháskóla Íslands, Borgarbyggð og Bændasamtökum Íslands.

Safnið varðveitir einstakan safnkost sem endurspeglar sögu og þróun íslensks landbúnaðar, tækniþróun, landnýtingu, búskaparhætti og menningararf dreifbýlisins. Þar má finna gripi frá Ólafsdalsskólanum, Korpúlfsstöðum, borgfirskum veiðihúsum og fjölda annarra staða.

Fræðsluhlutverk safnsins hefur eflst mjög á síðustu árum og hefur verið virkt samstarf þess við leik- og grunnskóla sveitarfélagsins, þar sem m.a. hefur verið þróað fræðsluefni sem notað er við kennslu í skólunum, auk þess sem skólabörn koma æ oftar í safnið og fá fræðslu um afmörkuð þemu, sem henta aldri barnanna. Þetta samstarf hefur gefið góða raun og vakið ánægju allra hlutaðeigandi.

Safnið gegnir einnig veigamiklu samfélagslegu hlutverki í héraði. Það stendur að margs konar viðburðum, bæði eitt og sér sem og í samstarfi við t.d. íbúasamtök Hvanneyrar og nágrennis. Má þar nefna Hvanneyrarhátíð, handverks- og matarmarkaði, jólasamveru á Hvanneyri, tónleikahaldi svo fátt eitt sé talið. Alltaf sé leitað til safnsins til að vera miðpunkturinn í slíkum viðburðum og hefur þessi þáttur verið vaxandi á síðustu árum.

Rekstur safnsins hefur á undanförnum árum byggt að mestu á framlagi frá Landbúnaðarháskóla Íslands, framlagi frá Borgarbyggð og ýmsum styrkjum. Framlag Borgarbyggðar hefur þó ekki fylgt kostnaðarþróun, sem hefur haft áhrif á getu safnsins til að sinna lögbundnum verkefnum, þar á meðal varðveislu safnkosts, sýningahaldi, fræðslu og annarri þjónustu.

Þrátt fyrir að Borgarbyggð hafi um árabil stutt við rekstur Landbúnaðarsafns Íslands ses. er óskað eftir að framlag sveitarfélagsins verði sambærilegt við aðrar menningarstofnana á svæðinu, eins og til dæmis Snorrastofu. Safnið er hluti af þeim menningarlegu innviðum sem sveitarfélagið hefur skuldbundið sig til að efla og er rekstur þess mikilvægur fyrir byggð, fræðslu og samfélagið í Borgarbyggð í heild.

Til að ræða þessi mál erum við starfsmenn safnsins fúsir til að koma á fund byggðaráðs og geta þar veitt ítarlegri upplýsingar um safnið, starfsemi þess og framtíðarsýn.

Ragnhildur Helga Jónsdóttir

Safnstjóri
Landbúnaðarsafns Íslands
ragnhildur@landbunadarsafn.is